

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 442/2011 um uppruna og ræktun íslenska hestsins.

1. gr.

Í viðauka við reglugerðina breytist í **2. Reglur um kynbótasýningar** undirkaflinn **Starfsfólk og verksvið þess** og verður eftir breytingu svohljóðandi:

- Kynbótadómarar á Íslandi skulu hafa lokið BS-gráðu í búvísindum, hestafræði eða dýralækningum og þurfa að hafa staðist sérstakt hæfnispróf Bændasamtaka Íslands. FEIF setur reglur um kröfur til dómara á alþjóðavettvangi. Hvað varðar ráðningu dómara á kynbótasýningum á Íslandi má gera undantekningu á fyrrnefndum kröfum um menntun ef viðkomandi dómari er með alþjóðlegt leyfi frá FEIF til að starfa sem kynbótadómari sem gefið var út fyrir árið 2015 (upprunalegt leyfi).
- Á hverri kynbótasýningu starfa að jafnaði þrír dómarar og hafa samráð um einkunnir. Undantekningu frá fjölda dómara má gera ef hross eru 35 eða færri. Skipaður er formaður í hverri dómnefnd en hlutverk hans er að sjá til þess að dómstörf gangi vel fyrir sig og að niðurstaða fáið. Listi yfir formenn dómnefnda er samþykktur árlega af fagráði í hrossarækt.
- Á hverri kynbótasýningu skal starfa sýningarstjóri sem ber ábyrgð á framkvæmd sýningarinnar með dómnefnd. Auk þess skulu starfa á sýningum mælingamenn, tölvarar og þulir, allt eftir þörfum hverju sinni.

2. gr.

Í viðauka við reglugerðina breytist 1. mgr. **4. Skrokkmál** og verður eftir breytingar svohljóðandi:

Stóðhestar, hryssur og geldingar skulu mældir með bandi, stöng, boga og skiðmáli á eftirtalinn hátt:

3. gr.

Í viðauka við reglugerðina breytist stigunarkvarði vegna einkunnanna 8,0 og 7,5 í **5. Stigunarkvarði einstaklingsdóma** í undirkaflanum **Tölt**, og verður eftir breytingu svohljóðandi:

a. 8,0:

- Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, lyfta og framgrip framfóta er ekki undir meðallagi, allgóð ferð.
- Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta en töltferð er í meðallagi.
- Rúmt lyftingargott, framtaksmikið tölt en um nokkra taktgalla er að ræða þegar komið er á ferð.
- Fremur stutt afturfótastig en lyfta og framgrip framfóta er mikið, hreinir taktgallar eru ekki til staðar, hrossið nær góðri töltferð.
- Til að einkunnin 8,0 náist þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7,0.

b. 7,5:

- Taktgott tölt en nokkuð skortir á rými þess og glæsileik.
- Taktgott tölt, rúmt en reisnarlítið (lággengni).
- Rúmt, lyftingar- og framgripsmikið tölt en um talsverða taktgalla er að ræða á hægu- og milliferðartölti.
- Tölt með stuttu afturfótastigi en lyfta og framgrip fóta er mikið og allgóð ferð næst.
- Hámarkseinkunn ef ekki er sýnt hægt tölt.
- Hámarkseinkunn ef eingöngu er sýnt hægt tölt.

4. gr.

Í viðauka við reglugerðina, breytist stigunarkvarði vegna einkunnanna 8,0 og 7,5 í **5. Stigunarkvarði einstaklingsdóma** í undirkaflanum **Stökk** og verður eftir breytingu svohljóðandi:

a. 8,0:

- Sniðgott stökk, stökkferð í meðallagi.
- Ferðmikið stökk, snið í meðallagi.
- Til að einkunnin 8,0 náist þarft hægt stökk að vera minnst 7,0.

b. 7,5:

- Þökkalegt stökk með sæmilegu sniði og stökkferð í meðallagi.
- Stökkferð og snið (taktur, svif og mýkt) geta vegið upp vankanta hvort á öðru.
- Hámarkseinkunn ef eingöngu er sýnt hægt stökk.
- Hámarkseinkunn ef ekki er sýnt hægt stökk.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búnaðarlögum nr. 70/1998, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. maí 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Elisabet Anna Jónsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.